

Raunhæf ráð um innleiðingu nýrrar persónuverndarreglugerðar

Erindi á málþingi Persónuverndar og Háskóla Íslands fyrir íslenskt skólasamfélag
um nýja Evrópureglugerð um persónuvernd

Hörður Helgi Helgason

LANDSLÖG

Borgartúni 26
105 Reykjavík
Talsími: 520 2900
Bréfasími: 520 2901
www.landslog.is

Verkefnið

- “ Tilskipunin frá 1995 er 34 efnisgreinar á 19 blaðsíðum, reglugerðin er 99 efnisgreinar á 81 síðu
- “ Skóli er samskiptavettvangur, rannsóknarsetur, miðstöð, vinnustaður kennara, stjórnenda og nemenda: Vinnsla persónuupplýsinga er mikil og fjölbreytt
- “ Mannafli og fjárráð til að takast á við nýjar eða breyttar kröfur er oft takmarkaður
- “ **Verkefnið:** Hvernig geta skólar náð ásættanlegri hlítingu við ný lög sem innleiða efnismikla reglugerð um meðferð persónuupplýsinga?

Nálgun

1. Forskriftir, gátlistar eða því um líkt

- “ Kostur: Kostnaður fyrirsjáanlegur og hóflegur
- “ Galli: Skólar eru fjölbreyttir, mismunandi hvað þeir þurfa að gera til að ná hlítingu

2. Mat á upplýsingaeignum lagt til grundvallar

- “ Kostir: Eignaskrá oft til staðar eða auðvelt að taka saman
- “ Gallar: Yfirsýn næst ekki, óvissa um hlítingu: Margar eignir geta tengst sömu vinnslu og í mörgum vinnslum er unnið með sömu upplýsingaeignirnar.

3. Vinnsluskrá → Greining → Innleiðing (hver áfangi 2-3 mánuðir)

- “ Kostur: Yfirsýn leiðir til upplýstra ákvarðana, sjálfstæð greining takmarkar kostnað og tryggir forgangsröðun, aðskilin innleiðing leiðir til betri verkefnisstjórnunar
- “ Galli: Verkefnið er unnið yfir lengri tíma og fleiri innan skólans koma að því en ella

Helstu reynslurök þeirra sem á undan fóru

1. Virða kúltúr skólans!

- “ Ekki fylgja í blindni nálgun annarra stofnana eða fyrirtækja, reglugerðin boðar ekki eina rétta aðferðafræði eða leiðir til að uppfylla skyldur
- “ Gæta að því að verkefnið skerði ekki eða takmarki fyrirbyggjandi vinnslu að óþörfu: Skrá frekar og rökstyðja það sem þegar er verið að gera

2. Skólinn eignist verkefnið og verkefnið eignist skólann

- “ Ekki reiða sig að óþörfu á utanaðkomandi ráðgjafa, ekki láta þá skrifa skjöl verkefnisins eða velja leiðirnar sem verði farnar – skjalfesta ferlið vel
- “ Koma hlutverkum, svo sem gerð vinnsluskrár, snemma í ákveðnar hendur

3. Leita að tækifærunum

- “ Hagræði, skilvirkni, meiri og betri nýting upplýsinga, auking vitund o.fl.
- “ Byrja snemma, vinna jafnt og þétt, ekki láta verkið verða yfirþyrmandi!

Áfangi 1, möppun (nóv og des 2017)

- “ Skylt skv. reglugerðinni að semja skrá um vinnslustarfsemi (30. gr.)
- “ Upplýsingum safnað í samtölum á fundum með starfsfólki einstakra sviða/deilda/eininga, einnig til að efla meðvitund um verkefnið
- “ Aðalefni skrárinnar: Heiti vinnslu; lýsing; tilgangur; heimild; ábyrgð
- “ Auðvelt að byrja í töflureikni og fikra sig svo í gagnagrunnskerfi
- “ **Afurð:** Vinnsluskrá í samræmi við reglugerðina og hægt er að sýna Persónuvernd en í formi sem nýtist einnig í áfanga 2 og er vænlegt til viðhalds

Áfangi 2, greining (jan-mars 2018)

- “ Greina hvaða ráðstafanir skuli innleiða hjá skólanum til að öðlast ásættanlega hlítingu og skipuleggja hvernig og hvenær það skuli gert
- “ Tveir samhliða straumar:
 - Greina hverja vinnslu/flokka af vinnslum og hlítingu við reglugerðina
 - Verkefni leyst í vinnustofum, t.d.: Upplýsingaréttur hins skráða? Á rétturinn til að gleymast við? En flutningsréttur? Hvernig uppfyllum við kröfur um innbyggða persónuvernd? Hvernig sinnum við öryggi persónuupplýsinga? Persónuverndarfulltrúi? Mat á persónuvernd og fyrirframsamráð?
- “ **Afurð:** Forgangsráðaður listi yfir aðgerðir sem stofnunin hyggst innleiða til að ná hlítingu við reglugerðina, ábyrgð og tíma

Áfangi 3, innleiðing (apríl og 25. maí 2018)

- “ Verkefnastjóri stýrir innleiðingu, heldur verkefninu innan fjárhags- og tímaáætlunar
- “ Ekki raunhæft að innleiða allt í einu: Forgangsraða, ákveða hvað rúmast innan verkefnisins og bæta því sem ekki næst í árlega endurskoðun
- “ **Afurð:** Skýrsla um hvernig áætlanir um innleiðingu stóðust, breytingar gerðar á verkefninu í áfanganum og með hvaða hætti verði staðið að innleiðingu þeirra aðgerða sem ekki voru innleidd í verkefninu.

hhh@landslog.is
@HHelgi
landslog.is

LANDSLÖG

Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 520 2900
Bréfasími: 520 2901
www.landslog.is